

Þjónustustefna Borgarbyggðar 2026

Þjónustustefna þessi er unnin skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en þar er kveðið á um að sveitarstjórn skuli móta sér stefnu sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum innan sveitarfélagsins. Stefnan er sett fram fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir og er unnin samhliða fjárhagsáætlum Borgarbyggðar fyrir sama tímabil.

Það er á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlag fyrir sig og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst standa að á viðkomandi svæðum t.d. skólahalds, ferða skóla- og tómstundabíla, opnunartíma sundlauga, sorphirðu, rekstur félagsheimila og fleira.

Það er s.s. sveitarstjórn sem ber að setja sér stefnu um það hvaða þjónustustigi sveitarfélagið ætlar að halda uppi í byggðum og byggðarlögum utan stærstu þéttbýliskjarna og ber að upplýsa íbúa um stefnuna og hafa við þá samráð við vinnslu hennar. Mikilvægt er að stefna sveitarstjórnar um þjónustustig í víðfeðmum sveitarfélögum sé skýr og komi til eftir samtal og samráð við íbúa.

Við gerð þjónustustefnu ber að hafa í huga hvaða verkefni eru lögskyld og lögheimil samkvæmt yfirliti Stjórnarráðsins sem gefið er út með vísan í 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Verkefni eru lögskyld ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Lögheimil felst í því að sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu er sinnt, en ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Einnig þarf að hafa í huga verkefni sem sveitarfélögin velja að setja á dagskrá til að gera sveitarfélagið eftirsóknarverðan kost sem eru þá valkvæð verkefni.

Almennt um þjónustu sveitarfélagsins Borgarbyggð

Borgarbyggð er víðfemt sveitarfélagið sem hefur orðið til úr sameiningu 13 eldri hreppa. Það getur því verið ákveðin áskorun að finna það jafnvægi sem þarf til að viðunandi þjónustustig sé í nágrenni við alla byggðarkjarna í sveitarfélaginu. Borgarbyggð leggur áherslu á að íbúar upplifi sveitarfélagið sem traustan og ábyrgðarfullan þjónustuaðila við mannlíf og atvinnulíf á öllu svæðinu. Mikilvægt er að þjónusta sé aðgengileg íbúum og sé löguð eftir fremsta megni að þörfum íbúa og fyrirtækja með jafnræðissjónarmið að leiðarljósi.

Árið 2024 hóf Borgarbyggð sameiningarviðræður við Skorradalshrepp. Lauk þeirri vinnu með íbúakosningu sem fram fór á dögnum 5. – 20. september 2025. Niðurstaða kosninga fór þannig að í Borgarbyggð voru 3137 á kjörskrá. Alls greiddu 501 atkvæði eða 16%. 417 sögðu já eða 83,2% greiddra atkvæði og 82 sögðu nei eða 16,4%, tveir seðlar voru auðir. Í Skorradal voru 61 á kjörskrá. Alls greiddu 54 atkvæði eða 88,5%. 32 sögðu já eða 59,3% og 22 sögðu nei eða 40,7%. Það liggur því fyrir að Borgarbyggð mun sameinast Skorradalshreppi árið 2026 og í því skyni hefur verið skipuð stjórn um sameiningu sem mun leiða þá vinnu áfram. Þjónustustefna þessi er gerð með þeim fyrirvara að ekki er búið að taka afstöðu til þeirra breytinga sem sameiningin mun bera með sér og því kemur hún til endurskoðunar þegar sameining verður um garð gengin.

Það er sameiginlegt markmið starfsmanna og stjórnenda sveitarfélagsins að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu í virku samtali og samráði við íbúa sveitarfélagsins. Til þess að slíkur jarðvegur sé til staðar þarf að byggja upp samstarf á trausti og virðingu þar sem hver og einn ber ábyrgð á eigin

viðhorfum og hugarfari. Heiðarlegt samtal og hugrekki til að vera sífellt að endurskoða og betrubæta. Allt starfsfólk Borgarbyggðar á að vera samstíga um það að veita góða þjónustu og notendur þjónustunnar ættu að vita hvers þau geta vænst þegar þau sækja þjónstu til sveitarfélagsins.

Mikilvægt er að sú þjónusta sem veitt er af hálfu sveitarfélagsins sé aðgengileg og taki mið af þörfum notenda hverju sinni. Þjónustan skal vera sérhæfð fagkunnátta sem fléttast inn í alla starfssemi sveitarfélagsins. Öll þjónusta skal vera sem næst notandanum, þar sem viðkomandi er hverju sinni. Í því skyni skal leitast við að veita þjónustu á staðnum, í síma, í tölvupóstsamskiptum eða í gegn um fjarfundi. Starfsmenn skulu sinna starfi sínu af samviskusemi, sýna kurteisi, lipurð og réttsýni í störfum sínum. Þeir starfa fyrst og fremst í þágu íbúa sem leggur þeim þá skyldu á herðar að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum í hvívetna.

Íbúasamráð

Samkvæmt 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa við gerð þjónustustefnunnar.

Haldnir voru íbúafundir á tveimur stöðum í sveitarfélaginu og safnað saman ábendingum um þá þjónustu sem er í boði, hvert íbúar eru að sækja þjónustu og hvað mætti betur fara. Ábendingum íbúa var safnað saman og þær lagðar fyrir byggðarráð og sveitarstjórn og verða hafðar að leiðarljósi við mótun og þróun á þjónustu og fjárhagsáætlunar.

Þjónustustefnan endurspeglar þær áherslur í þjónustu sem ákveðnar hafa verið af sveitarstjórn á hverju svæði fyrir sig og gefa vísbendingar um hvernig hún kemur til með að þróast á næstu árum. Þarf ekki að þýða að sveitarfélagið ætli að skuldbinda sig til að halda úti ákveðinni þjónustu með einum eða öðrum hætti ef að forsendur breytast.

Skipulag stefnunnar

Stefnunni er skipt upp eftir málaflokkum og hvernig þjónustu er háttað í byggðum og byggðarlögum sveitarfélagsins. Í stefnu þessari er Borgarbyggð skipt upp í eftirfarandi svæði: Borgarnes og nágr., Hvanneyri og nágr., Kleppjárnsreykjiasvæði/Reykholzt og Hálsasveit, Bifröst/Varmaland og nágr., og Vestursvæði.

Stefnan er sett þannig fram að fyrst er fjallað um lögskyld verkefni og hvernig þeim er háttað á hverjum stað fyrir sig. Næst er fjallað um lögheimil verkefni og að síðustu valkvæð verkefni þar sem sveitarfélagið veitir þjónustu. Hafa þarf í huga að í mörgum tilfellum er þjónustunni eins háttað fyrir allt sveitarfélagið í heild.

Skilgreining þjónustuvæða

Borgarnes og nágr.	Hvanneyri og nágr.	Kleppj.,Reykh, Hálsasv.	Bifröst, Varmal. og nágr.	Vestursvæði
Borgarnes Borgarhr.	Hvanneyri Andakíll Bæjarsveit Lundarreykjad.	Kleppjárnsreykir Reykholt Reykholtisdalur Hálsasveit Hvítársíða Flókadalur	Varmaland Bifröst Norðurárdalur Stafholtstungur Þverárhlið	Kolbeinsstaðahr. Álftaneshr. Hraunhr.

LÖGSKYLD VERKEFNI

FJÁRMÁL OG STJÓRNSÝSLA

Álagning og innheimta opinberra gjalda: Sveitastjórn setur gjaldskrá hvert ár samhliða fjárhagsáætlun. Gjaldskrár eru birtar á vefsíðu sveitarfélagsins og þær sem við á í B-deild stjórnartíðinda. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu ber ábyrgð á því í umboði byggðarráðs fyrir sveitarfélagið í heild að framfylgja álagningu og innheimtu. Álagning og innheimta er að mestu rafræn og hægt að fá aðstoð og upplýsingar hjá fjármáladeild fjármála- og stjórnsýslusviðs Borgarbyggðar í gegn um síma, tölvupóst eða í ráðhúsi Borgarbyggðar.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga: Fjármála- og stjórnsýslusvið ber ábyrgð á málaflokknum og starfandi er persónuverndarfulltrúi í hlutastarfi sem hefur eftirlit með að unnið sé eftir lögum um meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018 fyrir allt sveitarfélagið.

Varðveisla skjala: Sveitarfélagið fer eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Skjalastjóri sveitarfélagsins og verkefnastjóri fjármála og stjórnsýslu bera ábyrgð á varðveislu og vörslu skjala í Borgarbyggð í samstarfi við aðra stjórnendur. Borgarbyggð er að innleiða rafræn skil og vinnur nú að skilum á gögnum frá árunum 2009-2013. Unnið verður áfram á næsta ári að þessu verkefni.

Starfsmannamál: Sveitarfélagið er með starfandi mannauðsstjóra í fullu stöðugildi sem þjónustar allar stofnanir sveitarfélagsins.

Kjarasamningar og jafnlaunavottun: Deildarstjóri launa og mannauðsstjóri halda utan um þá málaflokka sem falla þarna undir. Vel er fylgst með stöðu og breytingum vegna kjarasamninga og sveitarfélagið er með jafnlaunavottun.

Upplýsingagjöf: Sveitarfélagið vinnur eftir upplýsingalögum nr. 140/2012. Starfandi er verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála sem heldur utan um þá málaflokka sem falla þarna undir. Vefsíða sveitarfélagsins er mikilvægur hlekkur í upplýsingagjöf sveitarfélagsins og eru allar helstu upplýsingar að finna þar. Eins er sveitarfélagið að stíga skref í innleiðingu stafrænna ferla í því skyni að bæta gæði og skilvirkni í þjónustu við íbúa.

Stafrænar lausnir og sjálfvirknivæðing: Starfsmenn í ráðhúsi hafa tekið upp viðtalsbókanir í gegn um outlook, þannig núna er hægt að panta beint viðtal/símtal við starfsmenn. Á þetta einnig við um þjónustufulltrúa sem starfa í móttökunni en símsvörun hefur verið útvistað. Þjónustufulltrúar sinna því frekari leiðbeiningarhlutverki við íbúa og kennslu á þær stafrænu lausnir sem sveitarfélagið hefur verið að innleiða í tengslum við þjónustu síðustu mánuði. Hægt er að senda erindi í gegn um tölvupóst á aðalnetfang sveitarfélagsins borgarbyggd@borgarbyggd.is og svo má hafa samband við starfsfólk í gegn um spjallmenni á heimasíðu. Verið er að innleiða viðbætur við veskislausn m.a. klippikort á Gámastöð. Innleitt hefur verið stafrænt vinnuafli sem sér um að stemma af lánadrottna og kröfuvöktun.

Opinber innkaup og útboð: Framkvæmdarráð sveitarfélagsins starfar einnig sem innkauparáð og hefur yfirumsjón með innkaupum sveitarfélagsins. Framkvæmdarráð samanstendur af sveitarstjóra og sviðsstjórum en ráðið hittist vikulega og fer yfir þau mál sem snúa að rekstri sveitarfélagsins. Verkefnastjóri á fjármála- og stjórnsýslusviði hefur haldið utan um ráðgjöf og stuðning við forstöðumenn til að vinna eftir lögum og reglum varðandi málaflokkinn. Unnið er eftir innkaupastefnu og innkaupareglum sveitarfélagsins og eru þær uppfærðar reglulega. Farið er eftir lögum um opinber innkaup nr. 120/2016. Eins er sveitarfélagið aðili að rammsamningi.

Sveitarstjórn og fastanefndir: Sveitarstjórn starfar eftir samþykktum um stjórn Borgarbyggðar nr. 1213/2022 og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Einnig eru starfandi fastanefndir um tiltekna málaflokka þ.e. byggðarráð, skipulags- og byggingarnefnd, umhverfis- og landbúnaðarnefnd, fræðslunefnd og velferðarnefnd.

KOSNINGAR

Framlög til stjórnamálasamtaka: Á ábyrgð fjármála- og stjórnsýslusviðs sveitarfélagsins er greitt skv. 5. gr. laga um starfssemi stjórnamálasamtaka nr. 162/2006. Stjórnamálasamtök sækja um styrkinn til sveitarstjórnar.

Íbúakosningar: Viðhaft í samræmi við Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og reglugerð nr. 922/2023 um íbúakosninga sveitarfélaga.

Alþingis-, forseta- og sveitarstjórnarkosningar: Framkvæmd kosninga í Borgarbyggð fer fram samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021. Í sveitarfélaginu er tilnefnd yfirkjörstjórn á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar og í framhaldi af því tilnefnt í undirkjörstjórnir. Vikurnar fyrir kosningar bíður sveitarfélagið í samstarfi við sýslumanninn á Vesturlandi upp á utankjörfundaratkvæðagreiðslu í Borgarnesi.

FRÆÐSLUMÁL

Grunnskólar: Tveir grunnskólar eru í sveitarfélaginu. Grunnskólinn í Borgarnesi er staðsettur í Borgarnesi. Þar er boðið upp á frístund fyrir börn í 1.-4. bekk. Rekið er mótuneyti við skólann og keyrsla er fyrir nemendur sem sækja skólann úr sveitunum í kring, en einnig er akstur skólabíls innan bæjar. Nemendum í 1.-4. bekk sem nýta skólabíl út í dreifbýlið er boðið upp á frístund ef að þeir þurfa að bíða eftir því að skólabíll keyri þau heim. Grunnskóli Borgarfjarðar er staðsettur á þremur stöðum í sveitarfélaginu, á Hvanneyri, Kleppjárnsreykum og á Varmalandi. Á Hvanneyri eru nemendur í 1.-5. bekk. Á Kleppjárnsreykum eru nemendur í 1.-10. bekk. Skólaakstur er fyrir nemendur sem koma úr sveitunum í kring og frá Hvanneyri. Á Varmalandi eru nemendur í 1.-4. bekk, þangað er skólaakstur fyrir nemendur úr sveitunum. Allir skólabílar sveitarfélagsins fara með nemendur eina ferð að morgni og eina ferð heim þegar að skóla er lokið.

Listaskóli: Til staðar er listaskóli í sveitarfélaginu sem staðsettur er í Borgarnesi en kennsla fer einnig fram í grunnskólum sveitarfélagsins. Í skólanum eru núna um 200 nemendur.

Leikskólar: Í Sveitarfélaginu er reknir fimm leikskólar. Ugluklettur og Klettaborg eru staðsettir í Borgarnesi. Andabær sem er staðsettur á Hvanneyri. Á Kleppjárnsreykjum er leikskólinn Hnoðraból rekinn í sama húsnæði og grunnskólinn. Leikskólinn Hraunborg rekinn í sama húsnæði og Varmalandsdeild Grunnskóla Borgarfjarðar. Hraunborg er rekin með starfssamningi við Hjallastefnuna. Í leikskólum sveitarfélagsins hefur verið það markmið að geta boðið 12 mánaða börnum leikskólapláss.

Skólaakstur: Allir nemendur grunnskóla í sveitarfélaginu sem búa í dreifbýli eru keyrðir að morgni í skólann og til baka þegar skóla lýkur. Innanbæjar akstur skólabíls er í Borgarnesi fyrir þá nemendur sem eiga heima í mestri fjarlægð frá skóla. Skilgreind eru upptökusvæði skólaaksturs.

Skólaþjónusta: Í sveitarfélaginu er rekin skólaþjónusta sem þjónustar alla skóla þess. Skólaþjónustan starfar á grundvelli reglugerðar um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð grunnskóla nr. 444/2019.

FÉLAGSÞJÓNUSTA

Aðstoð við erlenda ríkisborgara: Starfandi er verkefnastjóri móttöku flóttamanna sem heldur utan um móttökuáætlun og þjónustu við erlenda ríkisborgara og heyrir undir fjölskyldusvið. Eins er hægt að leita til verkefnastjóra félagsþjónustu varðandi þá málaflokka sem falla undir starfssemi félagsþjónustunnar. Sveitarfélagið er þáttakandi í samræmdri móttöku sem verkefnastjóri móttöku flóttamanna leiðir.

Barnaverndarþjónusta: Barnaverndarþjónustan er með starfsstöð í Ráðhúsi Borgarbyggðar. Félagmálastjóri er í forsvari fyrir málaflokkinn. Hlutverk þjónustunnar er að þjónusta börn á grundvelli barnaverndarlaga. Borgarbyggð stendur að mótun „Barnaverndarþjónustu Vesturlands“ ásamt nokkrum sveitarfélögum á Vesturlandi og mun þjóna hlutverki leiðandi sveitarfélags í því samstarfi.

Félagsleg ráðgjöf: Hægt er að leita til félagsþjónustu eftir upplýsingum og aðstoð varðandi ýmis réttindamál og/eða stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Markmið félagslegrar ráðgjafar er að hjálpa fólki til sjálfshjálpar þannig að sérhver einstaklingur fái sem best notið sín.

Fjárhagsaðstoð: Fjárhagsaðstoð er annars veitt vegna framfærslu einstaklings eða fjölskyldna og hinsvegar vegna sérstakra útgjalda. Rétt til fjárhagsaðstoðar eiga þeir sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum og geta ekki séð sér og sínum farborða með öðrum hætti. Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsþjónustu, s.s. ráðgjöf og leiðbeiningar, sbr. V. kafla um félagsþjónustu sveitarfélaga. Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, s.s. frá TR, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

Málefni aldraðra: Eldri borgarar hafa aðgang að félagslegri ráðgjöf hjá félagsþjónustu sveitarfélagsins og geta leitað þangað eftir aðstoð varðandi réttindi sín eða mögulega þjónustu s.s. samþætta félagslega heimþjónustu, félagsstarf, akstursþjónustu og heimsendan mat.

Málefni fatlaðs fólks: Fjölbættur stuðningur er til staðar fyrir einstaklinga með fötlun. Á fjölskyldusviði er starfandi deildarstjóri fötlunarmála sem heldur utan um þá málaflokka sem heyra undir þjónustuhópinn. Aldan er staðsett í Borgarnesi og er vinnustofa og virknipjálfun og hefur reynst mjög

vel. Einnig er til staðar búsetuþjónusta sem veitt er fólki með fötlun, í eigin húsnæði, leiguhúsnæði eða í íbúðarkjarna við Skúlagötu/Brákarbraut, eftir atvikum. Þar fá íbúar aðstoð til sjálfstæðrar búsetu og stuðað er að því að þeir séu virkri þátttakendur í samfélaginu, með aðstoð og stuðningi frá starfsmönnum Búsetunnar.

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Er í boði fyrir þá það þurfa og falla undir viðmið reglna sveitarfélagsins. Sótt um á eyðublaði hjá sveitarfélaginu og hægt að fá ráðgjöf hjá félagsráðgjafa á fjölskyldusviði sé þess þörf.

Túlkapjónusta: Boðið er upp á þjónustu túlks, ef þarf, fyrir íbúa sem tala önnur tungumál en íslensku.

ÍÞRÓTTA OG TÓMSTUNDAMÁL

Frístund: Borgarbyggð starfrækir frístundaheimili við Grunnskólann í Borgarnesi og Grunnskóla Borgarfjarðar á öllum starfsstöðvum. Þar er 6 – 9 ára börnum boðið upp á fjölbreytt tómstundastarf eftir að skóladegi lýkur

Félagsmiðstöð: Í Borgarnesi er félagsmiðstöðin Óðal í boði fyrir unglinga í 8. – 10. bekk og eina opnun daglega í viku fyrir börn á miðstigi (5. – 7. bekk)

Æskuýðsmál: Sveitarfélagið er með samstarfssamning við UMSB sem heldur utan um sérvalin verkefni s.s. greiðslu starfsstyrkja, forgangsriðun íþróttamannvirkja, skipulag tímatöflu í íþróttahús og fl.

Sumarfjör og vinnuskóli: Boðið er upp á bæði sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum 6- 9 ára og vinnuskóla fyrir ungmenni og fer starfssemin fram í Borgarnesi. Börnum í uppsveitum er boðið upp á akstur fyrir sumarfjör.

Forvarnarmál: Á fjölskyldusviði er starfandi teymi sem heldur utan um forvarnarmál sveitarfélagsins.

ÖRYGGIS- OG LÖGGÆSLUMÁL

Sjóvarnir: Tillögur að sjóvörnum í sveitarfélaginu eru unnar af skipulagsfulltrúa og samþykktar af skipulags- og byggingarnefnd. Skipulagsfulltrúi sendir inn umsókn til Vegagerðarinnar.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuvörnum: Ekki hefur verið gert mat á snjóflóðum eða skriðuföllum í sveitarfélaginu. Á nokkrum svæðum í sveitarfélaginu eru þekkt áhættusvæði en ekki eru áform um uppbyggingu á þeim svæðum.

SLÖKKVILIÐ BORGARBYGGÐAR

Almannavarnir (að hluta): Sveitarfélagið fer eftir lögum um Almannavarnir nr. 82/2008 og er með fulltrúa í almannavarnanefnd Vesturlands.

Starfssvæði slökkviliðs: Starfssvæði slökkviliðs Borgarbyggðar er stórt eða rúmir 5500 ferkílómetrar. Slökkviliðið Borgarbyggðar hefur starfsstöðvar á Bifröst, í Borgarnesi, á Hvanneyri og í Reykholti. Aðalstarfsstöð slökkviliðsins er í Borgarnesi.

Slökkvistarf: Slökkvilið Borgarbyggðar sinnir slökkvistarfi samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018. Brunavarnir og slökkvistörf eru hluti að lögboðinni starfsemi sveitarfélaga gagnvart íbúum sínum. Einnig mjög mikilvægur liður í almannavarnarkerfi Lögreglustjórans á Vesturlandi og sinnir slökkviliðið brunavörnum og mengunarslysum í samvinnu við aðra björgunaraðila. Markmið slökkviliðsins er að bjarga mannlífum, eignum og umhverfi.

Slökkvilið Borgarbyggðar vinnur að öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum. Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi bæði innan og utanhúss, björgun mannlífa, vinnur að reykjöfun og reyklosun húsnæðis, verðmætabjörgun og slökkvistarfi í mosa, sinu og trjágróðri.

Forvarnir og eldvarnareftirlit: Eldvarnareftirlit er einnig mikilvægur þáttur í starfsemi slökkviliðs. Í starfsemi eldvarnareftirlits felst yfirferð teikninga og úttektir, auk fræðslu fyrir almenning, fyrirtæki og stofnanir. Sérstök áhersla er á forvarnir og fræðslu í skólum á starfssvæði slökkviliðsins.

Slökkvitækjapjónusta: Reglubundin yfirferð og eftirlit með slökkvitækjum.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSMÁL, DÝRAHALD O.FL.

Dýravernd, meindýraeyðing og dýraeftirlit: Yfirmaður áhaldahúss hefur umsjón með að fanga og koma til réttmæta eiganda særðum og/eða týndum gæludýrum í sveitarfélaginu. Er þá aðallega verið að miða við hunda og ketti. Fulltrúi í þjónustuveri hefur umsjón með skráningu gæludýra í sveitarfélaginu en ábyrgðaraðili er deildarstjóri umhverfis- og landbúnaðarmála. Umsjónarmaður fasteigna hefur umsjón með meindýraeyðingu í mannvirkjum sveitarfélagsins en meindýraeyðing utan mannvirkja er á höndum deildarstjóra umhverfis- og landbúnaðarmála og verkstjóra áhaldahússins.

Mannvirki og leyfisveitingar: Byggingarfulltrúi sveitarfélagsins sér um öflun grunnupplýsinga, eftirlit, skráningu og eyðingu mannvirkja í sveitarfélaginu, sem er í byggingar- eða niðurrifsferli. Hann sér um þær allar leyfisveitingar sem tilheyra hans embætti fyrir sveitarfélagið ásamt skráningum á innsendum gögnum sem berast til sveitarfélagsins vegna leyfismála, umsagna og annarra mála. Einnig sér byggingarfulltrúi um staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga. Umsjónarmaður fasteigna hefur umsjón með bifreiðum sem eru í eigu og/eða leigu hjá sveitarfélaginu.

Fjallskil og varnarlínur: Deildarstjóri umhverfis- og landbúnaðarmála hefur umsjón með fjallskilaneftindum sem eru 8 talsins og heldur utan um það sem viðkemur afrétta- og fjallskilamálum. Deildarstjóri starfar einnig með stjórn fjallskilaumdæmis Borgarbyggðar, Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akranes. Stjórn fjallskilaumdæma eru með umsjón yfir varnalínum vegna búfjárjúkdóma.

Fjarlægja girðingar af jörðum: Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur ekki skyldað landeigendur að fjarlægja ónýtar girðingar af landi sínu.

Umhverfismat: Skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins gerir tillögu til skipulags- og byggingarnefndar og sveitarstjórn varðandi matsskyldu framkvæmda.

Gatnagerð og stígar: Verkefnastjóri framkvæmdamála hefur yfirumsjón með nýframkvæmdum og endurnýjun gatna í sveitarfélaginu, viðhaldi vega og stígagerð. Verkefnastjóri áhaldahússins hefur umsjón með minniháttar lagfæringum á götum og stígum, holufyllingar o.þ.h. Fulltrúi skipulags- og umhverfissviðs sér um útreikninga á gatnagerðargjöldum samkvæmt reglum sveitarfélagsins.

Heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir: Sveitarfélagið Borgarbyggð heyrir undir Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og á fulltrúa í heilbrigðiseftirlitsnefnd.

Landgræðsla: Í aðalskipulagi sveitarfélagsins er sér kaflur um fjallar um skógrækt og landgræðslu ásamt stefnu sveitarfélagsins í þeim málum. Sveitarstjórn hefur eftirlit með ástandi lands skv. lögum um landgræðslu nr. 155/2018.

Nafngiftir nýrra náttúrufyrirbæra: Tillaga að nafni/nöfnum nýrra náttúrufyrirbæra er lögð inn til skipulags- og byggingarnefndar sem svo mótar tillögu fyrir sveitarstjórn.

Skipulög og leyfisveitingar: Skipulagsfulltrúi sér um öflun grunnupplýsinga vegna aðalskipulags- og deiliskipulagsmála sem sveitarfélagið vinnur að og sem er óskað eftir af íbúum eða hagsmunaaðilum í sveitarfélaginu. Hann gerir tillögu að afgreiðslu til þeirrar nefndar sem hann er ráðgjafi fyrir og sveitarstjórnar. Skipulagsfulltrúi sér um allar þær leyfisveitingar sem tilheyra hans embætti fyrir sveitarfélagið, þ.m.t. framkvæmdarleyfum ásamt skráningu og afgreiðslu á innsendum gögnum sem berast til sveitarfélagsins vegna leyfismála, umsagna, matsskýrsla, verndunarsvæða og annarra mála.

Sorp: Deildarstjóri umhverfis- og landbúnaðarmála hefur umsjón með sorphreinsun í sveitarfélaginu ásamt fyrirkomulagi söfnunar, móttöku- og söfnunarstöðva. Sveitarfélagið er með þjónustusamning við verktaka sem sjá um sorphreinsun og förgun þess í sveitarfélaginu.

Fráveitur, vatnsveitur og rotþrær: Veitur ohf. hefur eignarhald yfir og rekur fráveitur í þéttbýli sveitarfélagsins ásamt öðrum stöðum í dreifbýlinu. Sveitarfélagið þjónustar rotþrær sem eru í sveitarfélaginu og er með þjónustusamning við verktaka sem sér um hreinsanir. Deildarstjóri umhverfis- og landbúnaðarmála sér um allt utanumhald varðandi fráveitur, vatnsveitur og rotþrær fyrir hönd sveitarfélagsins.

Fornleifar og friðlýsingar: Byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi vinna með Minjastofnun Íslands í þeim málum sem koma að friðlýsingu húsa og svæða.

Verndarsvæði í byggð: Í sveitarfélaginu er verndarsvæði í byggð á Hvanneyri. Landið sem tilheyrir verndarsvæðinu er í eigu og umsjón ríkisins.

Loflagsstefna sveitarfélaga: Sveitarfélagið er með í gildi loftlagsstefnu og var hún samþykkt 2022.

Náttúruvernd: Sveitarfélagið hefur ekki skilgreinda náttúruverndarnefnd í sveitarfélaginu. Það eru tvær nefndir sem fjalla um mál er varðar náttúruvernd. Það eru umhverfis- og landbúnaðarnefnd og skipulags- og byggingarnefnd.

SAMGÖNGUR

Framkvæmdir: Verkefnastjóri framkvæmda hefur umsjón með stærri framkvæmdum sem eru á vegum sveitarfélagsins og á það við um nýframkvæmdir, endurnýjun og viðhaldsverkefni sem eru á framkvæmdaáætlun. Hann sér um útboð og verðfyrirspurnir á mannvirkjum, gatnagerð, stígagerð o.fl.

ásamt því að vera verkefnastjóri framkvæmda fyrir hönd sveitarfélagsins. Umsjónarmaður fasteigna hefur umsjón með minni framkvæmdum sem eru á vegum sveitarfélagsins og á það við um nýframkvæmdir, endurnýjun og viðhaldsverkefni sem eru á framkvæmdaáætlun.

Umferðarfræðsla: Sveitarfélagið hefur ekki verið með umferðarfræðslu um þær sérreglur sem gilda á hverjum stað.

HÚSNÆÐISMÁL

Eignaskiptayfirlýsingar: Byggingarfulltrú sveitarfélagsins sér um yfirferð uppdráttar og staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga.

Lönd og lóðir: Fulltrúi skipulags- og umhverfissviðs sér um afgreiðslu á stofnun og skráningu á löndum og lóðum í sveitarfélaginu, ásamt breytingum, landsskiptum og eyðingu.

Húsnæðisáætlun: Sveitarstjóri Borgarbyggðar sér um greiningu og áætlun á þörf íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu. Sveitstjórn yfirfer og mótar árlega húsnæðisáætlun fyrir sveitarfélagið sem uppfærð er með tilliti til breytna sem hafa áhrif á húsnæðisþörf og almenna stefnumörkun fyrir málaflokkinn hverju sinni.

VATNS- OG FRÁVEITUR

Vatnsveitur: Veitur ohf. er með eignarhald og rekstur á köldu og heitu vatni í hluta sveitarfélagsins. Sveitarfélagið rekur fjórar kaldavatnsveitur og eina hitaveitu í sveitarfélaginu. Hluti sveitarfélagsins er á köldu svæði og því ekki með hitaveitu. Flestar bújarðir í sveitarfélaginu sjá um að útvega sér neysluvatn.

ÝMSAR AÐRAR SKYLDUR

Jafnréttismál: Jafnréttisáætlun Borgarbyggðar byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Húsmæðraorlof: Borgarbyggð greiðir húsmæðraorlof skv. lögum nr. 53/1972 í þeim tilfellum sem við á.

Kirkjur og kirkjugarðar: Sveitarfélagið hefur látið kirkjunni í té lóðir undir kirkju og kirkjugarða á landi í eigu sveitarfélagsins.

Nýting þjóðlenda: Þjóðlendur innan sveitarfélagsins eru skilgreindar af óbyggðanefnd.

Samráð við félög í frístundabyggð: Sveitarfélagið hefur ekki haldið reglulega fundi með félögum frístundabyggða.

Rekstrar-, tækifæris- og áfengissöluleyfi: Byggingarfulltrúi, eldvarnareftirlit og sveitarstjórn Borgarbyggðar senda umsagnir til sýslumanns varðandi rekstrarleyfi samkvæmt reglugerð með aðkomu skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins. Í rekstrarleyfisumsókn getur verið óskað eftir sölu á áfengi.

Eldvarnareftirlit og sveitarstjórn Borgarbyggðar senda umsögn til sýslumanns varðandi tækifærisleyfi samkvæmt reglugerð. Í tækifærisleyfisumsókn getur verið óskað eftir sölu á áfengi.

LÖGHEIMIL OG VALKVÆÐ VERKEFNI

Héraðsskjalasöfn: Safnahús er starfrækt í Borgarnesi. Forstöðumaður menningarmála í Borgarbyggð stýrir safnahúsinu en þar er starfrækt almenningsbókasafn, byggðasafn og listasafn.

Takmörkun á dýrahaldi: Í sveitarfélaginu er gildandi samþykkt varðandi hunda- og kattarhald á þéttbýlisstöðum í sveitarfélaginu.

Rafmagn: Flutningskerfi rafmagns er í eigu Rarik og er í þeirra umsjón og ábyrgð.

Meðhöndlun dýrahæja: Sveitarfélagið Borgarbyggð býður upp á þá þjónustu að hirða og farga dýrahæjum. Verktaki á vegum sveitarfélagsins hefur umsjón með hirðingu á hræjunum.

Heilsuræktarstöðvar: Í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi er starfræktur tækjasalur.

Rekstur og þátttaka í ýmiskonar verkefnum: Þróunarfélagið Grundartanga, samstarf við Menntaskólann um Kviku, Barnvænt samfélag, Heilsueflandi samfélag, samstarf um talmeinaþjónustu, Janus heilsuefling, Bjarkarhlíð, Æfingastöðin

Tjaldsvæði: Sveitarfélagið á lóðir undir tjaldstæði en leigir undir reksturinn

Frístundastyrkir: Sveitarfélagið býður börnum frá 0 – 18 ára styrk til að sækja íþrótt- og tómstundastarf.

Tómstundaakstur: Tómstundaakstur frá Varmalandi, Kleppjárnsreykjum og Hvanneyri. Boðið er upp á tómstundaakstur fyrir nemendur í skólunum í uppsveitunum þannig að þau geti komist í Borgarnes til þess að stunda íþróttæfingar og aðrar tómstundir. Um er að ræða eina ferð á dag. Einnig eru starfræktar ferðir frá félagsmiðstöðinni Óðal, miðað er við eina ferð í mánuði.

Leiklistarmál: Sveitarfélagið styrkir leikfélagið og önnur félög sem setja upp sýningar í Borgarbyggð, ýmist með beinum fjárstuðningi eða óbeint t.d. með aðgengi að húsnæði.

Hitaveita: Orkuveita Reykjavíkur rekur hitaveitu í Borgarbyggð ásamt fleiri smærri aðilum á afmörkuðum svæðum. Borgarbyggð kemur að rekstri þeirra veitna sem sveitarfélagið á aðild að.

Endurskoðun

Stefna þessi er endurskoðuð að lágmarki á hverju ári samhliða fjárhagsáætlun skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Stefna þessi gildir fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi.

Samþykkt með tveimur umræðum í sveitarstjórn Borgarbyggðar,
þann 13. nóvember og 11. desember 2025.